

51. fundur bæjarstjórnar

51. fundur bæjarstjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2010-2014, haldinn miðvikudaginn 19. mars 2014 kl. 17:00 í Ráðhúsi Árborgar, Selfossi.

Neðanskráðir bæjarfulltrúar eru mættir:

Ari Björn Thorarensen, D-lista, forseti bæjarstjórnar,
Eypór Arnalds, D-lista,
Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista,
Gunnar Egilsson, D-lista,
Kjartan Björnsson, D-lista,
Helgi Sigurður Haraldsson, B-lista,
Eggert Valur Guðmundsson, S-lista,
Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista,
Þórdís Eygló Sigurðardóttir, V-lista.

Auk þess situr fundinn Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, og Rósa Sif Jónsdóttir sem ritar fundargerð.

Forseti bæjarstjórnar setti fundinn og leitaði afbrigða að taka á dagskrá 44. fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 18. mars. Var það borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

I. Fundargerðir til staðfestingar

1. a) 1401093
Fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar
71.

fundur

<https://www.arborg.is/71-fundur-framkvaemda-og-veitustjornar/> frá 11. febrúar

- b) 1401095

Fundargerð íþróttameningarnefndar

15. fundur

<https://www.arborg.is/15-fundur-ithrotta-og-meningarnefnd/>

frá 12. febrúar

c) 1401065

Fundargerð

fræðslunefndar
fundur

41.

<https://www.arborg.is/41-fundur-fraedslunefndar/>

frá 13. febrúar

d) 171. fundur bæjarráðs (1401016

)

frá 20. febrúar

<https://www.arborg.is/171-fundur-baejarrads/>

2. a) 172. fundur bæjarráðs (1401016

)

frá 27.

febrúar

<https://www.arborg.is/172-fundur-baejarrads-2/>

3. a) 1401093

Fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar 72. fundur

<https://www.arborg.is/72-fundur-framkvaemda-og-veitustjornar/>

frá 26. febrúar

b) 173. fundur bæjarráðs (1401016)

frá 6. mars

<https://www.arborg.is/173-fundur-baejarrads/>

Úr fundargerð bæjarráðs, til afgreiðslu:

- liður 7, málsnr. 1402236 – Styrkbeiðni Nemendafélags FSu vegna uppsetningar leiksýningarinnar Footloose. Bæjarráð samþykkir að kaupa miða á leiksýninguna fyrir alla nemendur í 10. bekkjum grunnskóla Árborgar. Bæjarráð leggur til við bjarstjórn að samþykktur verði viðauki

við fjárhagsáætlun vegna kostnaðar við miðakaupin.

4. a) 174. fundur bæjarráðs (1401016) frá 13. mars
<https://www.arborg.is/174-fundur-baejarrads-2/>

5. a) 1401094 Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar 44. fundur frá 18. mars

- liður 1 a) Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 20. febrúar, lið 1, málsnr. 1401093 – Fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar.
- liður 3 b) Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 6. mars, lið 13, málsnr. 1106016 – Viðbygging við Sundhöll Selfoss

Eypór Arnalds, D-lista, tók til máls.

- liður 3 b) Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 6. mars, lið 15, málsnr. 1402238 – Greining Arionbanka á fjárhag Árborgar í tengslum við möguleika til endur- og framkvæmdafjármögnunar SÁ

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, og Eypór Arnalds, D-lista, tóku til máls.

- liður 3 b) Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 6. mars, lið 12, málsnr. 1007011 – Safn mjólkuriðnaðarins á Selfossi

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, Kjartan Björnsson, D-lista, Eypór Arnalds, D-lista, og Gunnar Egilsson, D-lista, tóku til máls.

- liður 3 b) fundargerð bæjarráðs frá 6. mars – liður 7,

málsnr. 1402236 – Styrkbeiðni Nemendafélags FSu vegna uppsetningar leiksýningarinnar Footloose. Bæjarráð samþykkir að kaupa miða á leiksýninguna fyrir alla nemendur í 10. bekkjum grunnskóla Árborgar. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykktur verði viðauki við fjárhagsáætlun, lið 05-810-9915, vegna kostnaðar við miðakaupin kr. 300.000.

Gunnar Egilsson, D-lista, tók til máls.

Viðaukinn var borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

- liður 4 a) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 13. mars, lið 4, málsnr. 1403025 – Unglingalandsmót UMFÍ 2017.

Kjartan Björnsson, D-lista, tók til máls.

- liður 4 a) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 13. mars, lið 10, málsnr. 1402035 – Svarbréf menntamálaráðuneytisins vegna umsóknar um styrk til uppbyggingar íþróttamannvirkja vegna landsmóta.

Kjartan Björnsson, D-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, og Eyþór Arnalds, D-lista, tóku til máls.

- liður 4 a) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 13. mars, lið 12, málsnr. 1305094 – Viðbygging við Grænumörk 5, aðstaða fyrir félagsstarf eldri borgara.

Kjartan Björnsson, D-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, og Þórdís Eygló Sigurðardóttir, V-lista, tóku til máls.

- liður 4 a) Kjartan Björnsson, D-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 13. mars, lið 3, málsnr. 1403024 – Landsmót UMFÍ 50+ 2016.

Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls.

- liður 5 a) Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls um fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 18. Mars, lið 5, málsnr. 1403134 – Umsókn um stöðuleyfi fyrir gáma að Austurvegi 52.

Eyþór Arnalds, D-lista, tók til máls.

- liður 5 a) Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls um fundargerð skipulags og byggingarnefndar frá 18. mars, lið 11, málsnr. 1402072 og lið 12, málsnr. 1403135 – Umsókn um lóðina Eyraveg 1, Selfossi.

Eyþór Arnalds, D-lista, tók til máls.

- liður 5 a) fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 18. mars – liður 16, málsnr. 1209098 – Skipulagslýsing að göngu- og hjólastíg milli Eyrarbakka og Hraunsár. Lagt er til við bæjarstjórn að lýsingin verði auglýst og kynnt.

Tillaga um að skipulagslýsing að göngu- og hjólastíg milli Eyrarbakka og Hraunsár verði auglýst og kynnt var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- liður 5 a) fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 18. mars – liður 17, málsnr. 1302194 – Tillaga að aðalskipulagsbreytingu að Nýjabæ. Lagt er til við bæjarstjórn að óskað verði heimildar Skipulagsstofnunar til að auglýsa aðalskipulagsbreytinguna.

Tillaga um að óskað verði heimildar Skipulagsstofnunar til að auglýsa aðalskipulagsbreytingu að Nýjabæ var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- liður 5 a) fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 18. mars – liður 18, málsnr. 1403236 – Breytt

deiliskipulaga – íþróttavöllur. Lagt er til við
bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst.

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, Ásta Stefánsdóttir,
framkvæmdastjóri, Helgi S. Haraldsson, B-lista, Eypór
Arnalds, D-lista, tóku til máls.

Tillaga um að deiliskipulagsbreyting á íþróttavelli
verði auglýst var borin undir atkvæði og samþykkt
samhljóða.

Fundargerðirnar voru bornar undir atkvæði og samþykktar
samhljóða að undanskildum þeim liðum sem áður höfðu verið
samþykktir.

II. 1201083

**Tillaga að breytingu á samþykkt um hundahald í
Sveitarfélaginu Árborg nr. 440/2013 – síðari umræða**

Samþykkt um hundahald var borin undir atkvæði og samþykkt
samhljóða.

III. 1304209

**Tillaga að breytingu á samþykkt um kattahald í
Sveitarfélaginu Árborg nr. 587/2009 – síðari umræða**

Samþykkt um kattahald var borin undir atkvæði og samþykkt
samhljóða.

IV. 1310127

**Breyting á gjaldskrá fyrir hundahald í Árborg 2014
– síðari umræða**

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri fór yfir
breytingar á gjaldskrá fyrir hundahald.

Gert var fundarhlé.

Fundi var haldið áfram.

Gjaldskráin var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með þeim breytingum sem lagt var til að gerðar yrðu á 6. og 7. gr. gjaldskrárinnar.

V. 1310128

**Breyting á gjaldskrá fyrir kattahald í Árborg 2014
– síðari umræða**

Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls.

Gjaldskráin var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

VI. 1302052

Kosning í hverfisráð Árborgar

Fulltrúar í hverfisráð Selfoss

Eftirtaldir aðilar voru kosnir í hverfisráð Selfoss fram til loka kjörtímabilsins.

Anna Margrét Magnúsdóttir, formaður
Sæmundur Hafsteinn Jóhannesson
Katrín Klemensdóttir
Böðvar Jens Ragnarsson
Þröstur Þorsteinsson

Bæjarstjórn Árborgar býður nýja aðila velkoma í hverfisráð og færir þeim aðilum sem frá hverfa þakkir fyrir vel unnin störf.

Kosning í hverfisráð borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

VII. 1305237

**Fráveita Árborgar, skilgreining viðtaka og
vöktunarplan.**

Skýrsla frá Mannviti vegna skilgreiningar á Ölfusá

sem viðtaka.

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, Helgi S. Haraldsson, B-lista, og Gunnar Egilsson, D-lista, tóku til máls.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að unnið verði eftir áætluninni.

VIII. 1401004

Endurskoðun innkaupareglna

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, fór yfir innkaupareglurnar.

Gunnar Egilsson, D-lista, Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, og Eypór Arnalds, D-lista, tóku til máls.

Lagt var til að vísa endurskoðun á innkaupareglum til bæjarráðs.

Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

IX. 1310155

Gjaldskrá fyrir félagslega heimaþjónustu

Gjaldskráin var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

X. 1403223

Tillaga frá fulltrúum S-lista – Ályktun vegna ESB

Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, fylgdi tillögunni úr hlaði:

Bæjarstjórn Svf. Árborgar samþykkir að skora á Alþingi að taka til baka, tillögu til þingsályktunar, sem lögð var fram af utanríkisráðherra Gunnari Braga Sveinssyni um, að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu.

Greinargerð: Spurningin um aðild Íslands að

Evrópusambandinu er mikilvægari en svo að einstakir stjórnmalaflokkar eigi að ráða úrslitum í svo mikilvægu máli. Undirrituð telja að hér sé um að ræða svo stórt hagsmunamál að eðlilegt sé að þjóðin fái aðkomu að ákvörðun um framhald þess. Í ljósi þeirrar staðreyndar að yfir 51.000 Íslendingar hafa skrifað undir áskorun til stjórnvalda um að sýna þjóðinni þá virðingu að heimila þjóðaratkvæðagreiðslu um málið, leggjum við þessa ályktun fram.

Eggert Valur Guðmundsson, bæjarfulltrúi S-lista.
Arna Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi S-lista.

Tillagan var borin undir atkvæði og felld með 6 atkvæðum fulltrúa D- og B-lista, fulltrúi V-lista sat hjá.

Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun:

Á yfirstandandi kjörtímabili hefur bæjarstjórn sent frá sér ályktanir um fjölmörg stór landsmál. Í langflestum tilvikum hafa bæjarfulltrúar allra flokka tekið undir og samþykkt þessar ályktanir, ekki síst til þess að sýna góðan samstarfsvilja og samheldni bæjarstjórnar.

Sveitarstjórnarmenn úr öllum flokkum af öllu landinu hafa á undanförunum árum farið í stórum stíl til Brussel til þess að kynna sér kosti og galla aðildar að Evrópusambandinu fyrir sveitarstjórnarstigið.

Margar sveitastjórnir hafa að undanförunu verið að samþykkja ályktanir í takt við þá tillögu sem lögð er hér fram. Það eru því okkur, flutningsmönnum tillögunnar, mikil vonbrigði að tillagan skuli vera felld. Það er sjálfsagt að vekja athygli á því sem kemur fram í greinargerð sem unnin var fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga, en þar segir m.a að áhrif aðildar að Evrópusambandinu yrðu umtalsverð á sveitastjórnarstigið. Þó er ekki hægt að segja nákvæmlega fyrir um heildarávinning sveitarfélaga fyrr en niðurstöður aðildarviðræðna liggja fyrir. Þess vegna m.a er svo mikilvægt fyrir sveitarfélögin að

aðildarviðræðum sé ekki slitið. Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista.

XI. 1402226

Tillaga frá fulltrúum S-lista – Opnari stjórnarsýsla í Sveitarfélaginu Árborg

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, fylgdi tillögunni úr hlaði:

Undirrituð leggja til að framvegis verði minnisblöð, fundargerðir og önnur gögn sem eru til umfjöllunar á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og fagnefnda sveitarfélagsins aðgengilegar rafrænt með fundargerðum fundanna.

Greinargerð:

Það er afar mikilvægt að í Svf. Árborg sé ástunduð opin og gegnsæ stjórnarsýsla þannig að allir sem áhuga hafa á geti fylgst með afgreiðslum mála og á hverju þær eru byggðar. Þrátt fyrir að fundargerðir séu aðgengilegar á vefnum þá er ekki auðvelt að átta sig á málum út frá þeim knappa stíl sem oft einkennir þær. Við eigum ávallt að stefna að því að gera stjórnarsýsluna sem aðgengilegasta fyrir íbúana.

Arna Ír Gunnarsdóttir bæjarfulltrúi S-lista.

Eggert Valur Guðmundsson bæjarfulltrúi S-lista.

Ari Björn Thorarensen, forseti bæjarstjórnar, og Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tóku til máls.

Lagt er til að Ástu Stefánsdóttur, framkvæmdastjóri, verði falið að gera tillögu að útfærslu og reglum og leggja fyrir bæjarráð.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert.

Fundargerðin lesin upp og fundi slitið kl. 19:05

Eypór

Arnalds

Sandra Dís Hafþórsdóttir

Ari Björn Thorarensen

Gunnar Egilsson

Kjartan Björnsson

Helgi Sigurður Haraldsson

Eggert Valur Guðmundsson

Arna Ír Gunnarsdóttir

Pórdís Eygló Sigurðardóttir

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri

Rósa Sif Jónsdóttir, ritari